



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Jöklaborg

2023 – 2024



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 .....	5
3 Innra mat xxx deildar .....	10
4 Innra mat sérkennslu.....	20
5 Innra mat – fjöltyngd börn .....	21
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	24
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	25
8 Foreldrasamvinna.....	25
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	<b>Villa! Bókamerki ekki skilgreint.</b>
10 Fylgigögn.....	27
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	28



# Leiðarljós leikskólans

Gleði - Virðing - Sköpun

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Nýr leikskólastjóri tók til starfa í ágúst og undirrituð upplifði virkilega góðar móttökur frá starfsmannahópnum sem er mjög góður hópur sem fer vaxandi í öllu starfi skólans. Einnig er hér greinilega frábær foreldrahópur sem hefur virkilega mikinn áhuga á öllu því sem við erum að gera og taka virkan þátt þegar það á við. Barnahópurinn ber þess glöggt merki að með þeim er unnið að heilindum heima og í skólanum. Undirrituð er þakklát fyrir fyrsta árið í nýju starfi í Jöklaborg og hlakka til að takast á allt sem því fylgir í framtíðinni.

Við tók haust margra krefjandi verkefna. Mjög erfiðlega gekk að ráða starfsfólk og umsækjendur fáir. Þó nokkrir dagar yfir veturinn þurftum við að skerða starfsemi og loka deild dag og dag. Við náðum ekki að klára aðlögunum barna sem fengu boð um pláss í mars 2022 fyrr en ári síðar eða í mars 2023. Flest voru þau þó komin um áramótin. Þetta skapaði mikið álag í starfsmannahópnum.

Sérkennslustjóri hafði stórum verkefnum að sinna varðandi sérkennslu og stuðning. Fjórir starfsmenn ásamt sérkennslustjóra sinntu þessu öllu í jafnmörgum stöðugildum.

Við réðum verkefnastjóra fjölmenningar þar sem fjölmennig hefur aukist mikið í leikskólanum. Mörg verkefni hafa verið unnin og er nú handbók fyrir starfsmenn þar að lútandi í vinnslu sem klárast veturinn 2023-2024.

Við fengum ánægjulegar heimsóknir frá öðrum leikskólum. Aðallega hópa eða þann hluta starfsmanna sem fóru ekki í námsferðir erlendis með sínum skólum en fóru því í staðinn í heimsóknir á höfuðborgarsvæðinu. Einnig komu kennarar á eigin vegum í heimsókn að skoða. Alltaf gaman og gefandi að fá fræðimenn og aðra gesti í heimsókn.

Farið var reglulega í vettvangsferðir, flestar í nágrenni skólans sem og fastir punktar eins og heimsókn í leikhúsin og Hörpuna áttu sinn sess. Söfn voru heimsótt og samstarf við grunnskólana í hverfinu gekk vel ásamt samstarfi við ÍR þar sem elstu börnin fóru vikulega í heimsókn í íþróttahús þeirra við Seljaskóla.

Vinátta sem er vináttuverkefni Barnaheilla með Blá í aðalhlutverki fór af stað og upprifjunarnámskeið var á starfsdegi að hausti. En námskeið hafði verið veturinn 2021-2022 fyrir alla starfsmenn skólans. Þetta fór vel af stað en þörf er á að taka betur utan um þetta verkefni og verður það endurskoðað haustið 2023 hvernig því verður háttað.

Unnið var áfram með félagsfærni í bland við alla aðra þætti menntastefnunnar. Þar kom Vinátta að góðum notum þar sem leikefni um vináttu er fjölbreytt og nýtist vel í daglegum samskiptum í lífi og starfi.

Leikskólastjóri fór ásamt öllum leikskólastjórum i Breiðholti til Glasgow á Eccera ráðstefnu þar sem margt fróðlegt var að sjá og heyra. Einnig góður tími til að kynna öðrum stjórnendum í hverfinu.

Starfsmannahópurinn heimsótti leikskólann Sæborg sem var nærtækt að þessu sinni þar sem undirrituð starfaði þar undanfarin fjögur ár. Við fórum þangað að kynna okkur skapandi starf og



Flæði. Það var skemmtileg heimsókn í fallegan leikskóla sem staðsettur er við eina mestu útivistarparadís Reykvíkinga Ægisíðuna. Eitt og annað tókum við með okkur úr þeirri heimsókn sem við viljum vinna með í Jöklaborg.

Við fórum yfir ýmsar verklagsreglur í leikskólanum og rifjuðum upp og skráðum svo þetta væri betur aðgengilegt fyrir nýja starfsmenn. Einnig fórum við yfir allar geymslur og skápa og yfirfórum leikfni og löguðum eða létum frá okkur það sem ekki á við lengur eða var ónýtt og hafði fengið of mikið pláss sem nýtist betur í annað.

Við spurðum okkur. Hver er Jöklaborg? Viljum við breyta einhverju? Hvert viljum við stefna? Margar hugmyndir komu upp og vildum við gefa okkur amk ár í viðbót til að vinna úr þeim og finna hvar við ættum best heima. Einnig að fá foreldra með okkur í lið með það að einhverju leiti. Eitt voru þó flestir sammála um og það var að leggja meiri áherslu á skapandi starf.

Gefðu 10 var notað marvisst á einni deildinni og ákveðið að allar deildir skyldu taka það upp.

Það var falleg stund á mjög góðum námskeiðsdegi leikskólastjóra sem fram fór í Viðey í júní 2023 þegar Anna Bára Pétursdóttir okkar fyrrverandi leikskólastjóri var kvödd með virktum og þökkuð góð störf. Það er heiður að taka við starfi hennar hér í Jöklaborg sem hún sinnti af heilindum og natni frá árinu 1988.

Það er fyrirséð að einhverjar breytingar verða á starfsmannahópnum fyrir haustið 2023 en ekki verulegar. Metnaðarfullur og áhugasamur hópur starfar í Jöklaborg og vil ég þakka starfsmönnum foreldrum og samstarfsaðilum fyrir gott samstarf.

Ásta Kristín Svavarsdóttir

Leikskólastjóri



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Eru sömu reglur á öllum deildum til dæmis í fata herbergi ofl.	Á starfsmannafundi í á starfsdegi.	Allir starfsmenn	Niðurstöðurnar voru að svo er ekki. En nokkuð samræmt. Búnaar voru til viðmiðunarreglur sem allir starfsmenn geta nú unnið eftir.
Menntastefnan	Á stjórnendafundi.	Stjórnendur skólans. Leikskólastjór, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennslustjóri.	Halda áfram með félagsfærni en leggja næsta vetur áherslu á Skapandi starfi með börnum.

### Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorfskönnun foreldra	Rafræn könnun sem lögð var fyrir af SFS	Foreldrar/Forráðamenn	Margt gott kom þar fram og foreldrar heilt yfir ánægðir. Nokkrir punktar voru þó sem við tókum alla til athugunar og til að rýna til gagns. Eins og að foreldrar verði meiri þátttakendur í Vináttuverkefni Barnaheilla. Það munum við laga og hafa foreldra með eins og á



við í verkefninu. Einnig munum við færa það verkefni í betra horf með því að hafa einhver sem hefur yfirumsjón með því.

Sett var út á húsbúnað sem er úr sér genginn á flestum deildum og þarfnast endurnýjunar. Sett var út á ástand lóðar og er hvorutveggja í farvegi núna.

Samskipti þóttu sumstaðar ábótavant og búið að fara vel í saumana á því og laga.

Við getum alltaf bætt okkur og erum þakklát fyrir gagnlegar ábendingar og hrós til þeirra sem hafa staðið sig vel. Gott að vita að margt er gert vel og gott að fá ábendingar um það sem betur má fara.



## Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024


UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
<b>Foreldrahandbók</b>	að gera praktíska þætti aðgengilega fyrir foreldra.	Að gera foeldra handbók	Leikskólastjóri	Haut 2023	Janúar 2024	Í janúar hvort af verður.	Að Foreldrahandbókin verði til
<b>Starfsmannahandbók</b>	Endurnýjun	Yfirfara þá gömlu og nútímavæða	Leikskólastjóri	Haut 2023	Vor 24	Á Stjórnendafundi rýnihópur.	Að vel hafi tekist til.
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
<b>Menntastefnan Sköpun</b>	Að allri starfsmenn læri meira um skapandi starf með börnum með áherslu á ferlið en ekki afurð.	Fáum fyrirlesara og Kristínu Hildi frá SFS í samstarfi með okkur.	Stjórnendateymi	Ágúst 2023	Aldrei en ljúku að komu því stað í maí 2023	Með skoðanakönnun meðal starfsmanna og foreldra	Að niðurstöður könnunarinnar leiði í ljós upplifun fólks á því að skapandi starf hafi aukist.
<b>Mannauður/ Leikskólabragur</b>							
<b>Starfsþróunarsamtöl</b>	Hafa þau tvisvar á ári	Skipuleggja betur hvenær þau eru og	Leikskólastjóri	Október 2023	Maí 2024	Í mars athuga stöðuna og metið í lok maí 2024 hvort þetta	Að allir hafi fengið tvö viðtöl í maí 2024



		dreyfa á lengra tímabil.				hafi verið gert.	
Hópefli	Finna leiðir til að styrkja hópinn. Skoða hvort mögulegt er að fara í námsferð í vor, sem lengi hefur verið stefnt að.	Skoða með hvaða hætt við getum eflt og styrkt samstöðu starfsmanna utan og innan vinnustaðar.	Stjórnendateymi	ágúst 2023	Maí 2024	Yfirfara veturinn skoða þátttöku í viðburðum og hvernig þetta gekk á stjórnendafundum. Skoðanakönnun meðal starfsmanna.	Að skoðanakönnunin hafi komið vel út og þátttaka í viðburðum hafi verið góð.
Innra mat							
Þátttaka foreldra	Auka almenna þátttöku foreldra í ákvarðanatökum og þátttöku í Vináttuverkefni og Lubba.	Senda út könnun um efni sem við á, hverju sinni. Senda foreldrum reglulega pósta af deildum þar sem upplýst er um hvað við erum að fást við og hafa	Stjórnendateymi.	Nóv – des 2023	Mar 2024	Vera búin að senda út könnun fyrir áramót og vinna úr henni.	Að búið verði að vinna úr könnuninni í janúar 2024. Að foreldrar hafi tekið þátt í Vináttuverkefni eftir áramót







þá inni í  
vekefnu  
m um  
Vináttu/  
Blæ og  
Lubba.

--	--	--	--	--	--



### 3 Innra mat deilda BÓL

UMBÓTAPÁTTUR/ R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skapandi starf, myndsköpun	Auka efnivið til skapandi starfs á deildinni.	Hafa verðlausan efnivið aðgengilegr i	Starfsmen n Bóls	Ágúst 2023	Des. 2023	Rýnihópur á deildarfundu m.	Að skapandi starf aukist á deildinni.
Samvinnu starfsmanna á deildinni.	Að starfsmen n verði allir jafn virkir og samstíga í starfinu.	Deildarfundir og skipulag.	Deldarstjóri.	Ágúst 2023	Sem fyrst eftir að farið er að vinna með þetta en í apríl 2024 er viðmið.	Deildarfundir.	Að við upplifum okkur samstíga og að allir hafi sín hlutverk.

#### Ból

Innra mat: Helstu áherslur voru að virkja sjálfstæði og félagsfærni barnanna. Við munum halda því áfram og leggja meiri áherslu á Skapandi starf með börnum.

Fimmtudagsfundir eru enn þá, þá eru öll börnin saman og ræða saman um líðan sína á Bóli og heima og annað sem liggur á þeim. Okkur öllum finnst þetta mjög góðir fundir og viljum við halda þeim áfram.

Við þurfum að finna leið til að þurrka föt barnanna. Ef börnin blotna úti að morgni þá komast þau ekki aftur út þann daginn því fötin þorna ekki á milli. Þurrkskápar væri hugmynd eða gólfhiti. Þurfum að finna eitthvað út úr þessu




Vegna mikilla veikinda og fjarveru starfsmanna ásamt höfum við ekki getað haldið uppi samfelldu og eins faglegu starfi og við höfum viljað. Ef maður kæmi í manns stað þegar er stytting er myndi það breyta miklu.

Börnin fá að velja hvort þau eru úti f.h. eða e.h. Þetta hefur mælst vel fyrir og viljum við halda því áfram.

Við höfum farið í þónokkrar vettvangsferðir og viljum við halda því áfram, það stækkar heim barnanna og verður oft uppspretta skemmtilegra verkefna og veitir starfsmönnum gleði.

Vegna mikillar starfsmannaveltu ætlum við að taka á skipulagi starfsins og skýra ábyrgð allra starfsmanna og vinna meira saman að verkefnum. Ræða betur saman um starfið og vera dugleg að segja okkar skoðun og standa með ákvörðunum sem hópurinn tekur.



## 4 Innra mat deilda SEL

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skapandi starf	Auka skapandi starf og lýðræði meðal barna í skapandi starfi	Fara oftari í listasmiðjuna. Auka skapandi efnivið á deildinni.	Deildarstjóri og hópstjórar	Septemb er 2023	Júní 2024	Skoða efnivið deildarinnar. Fara oftari í listasmiðju	Skrá hvað gert er í skapandi starfi yfirfara það að vori og skoða hvað gert var.
Félagsfærni læra að taka tillit til annarra, efla sjálfsmynd.	Efla félagsfærni barnanna	Nýta vináttuverkefnið og félagsfærnisögurnar sem því fylgja.	Deildastjóri og hópstjórar	Sept 2023	Júní 2024	Endurtaka félagsfærnisögur á vorönn. Huglægt mat.	Að börnum gangi vel að taka tillit til annarra og virðist með góða sjálfsmynd.
Málörvun	Efla málþroska barnanna	Setjum upp ýmis þemu fyrir hvern mánuð.	Deildarstjóri og hópstjóri	Sept 2023	Júní 2024	Notum íslenska málhjóðamælinn	Með íslenska málhjóðamælinum er hægt að sjá þróun frá hausti til vors

Sel

### Innra mat. **Útivera**

Börnin þurfa að fara út á hverjum degi, þau ráða hvort þau fara út fyrir eða eftir hádegi. Útiveran er því yfirleitt ánægjuleg og eftirsóknarverð fyrir bæði börn og starfsfólk.

Það er mikil þörf á að endurbæta útisvæðið okkar, í bleytutíð er mikið vatn í garðinum og moldar for.

### Starfsáætlun

Ætlum að leggja áherslu á félagsfærni og umhverfið í vetur. Inn í það fléttast fastir liðir s.s jól, öskudagur og páskar svo eitthvað sé nefnt. Deildastjóri gerir starfsáætlun sem inniheldur umræðupunkta, lög, sögur og ýmis verkefni sem tengjast efninu.



## Hópastarf

Hópastarf gekk upp og ofan í vetur, og það eru nokkrar ástæður fyrir því. Einna helst er að börnunum var fjölgað á deildinni úr 24 í 29 það er vægast sagt allt of mörg börn inni 60 fermetra rými. Það er mikill erill og stundum mikill hávaði. Það voru samt settar hjóðdempandi plötur á 2 veggj á deildinni til að bæta hljóðvistina, bergmálið minnkaði en við finnum ekki annan mun. En kannski er það líka eingöngu þeirra hlutverk.

## Vetvangsferðir:

Við fórum í vettvangsferðir með elstu börnin, við fórum í Borgarleikhúsið, Þjóðleikhúsið, Hörpu, úskriftarferð í Viðey, Seljaskóla og svo fórum við með alla aldurshópa í göngutúra hér í næsta umhverfi Jöklaborgar.

## Samverustundir

Þegar eru samverustundir þá er barnahópnum skipt í tvennt, eldri og yngri hópa. Þarna er hægt að lesa og spjalla um heima og geyma. Mjög góð upplifun, allir geta slakað á, það veitir ekki af því.

## Annað

Stytting vinnuvikunnar er ennþá með sama hætti og síðastliðið ár. Þ.e. 4 tíma stytting á viku en engin afleysing. Þetta er bagalegt og kallar á vinnuveitanda til að bæta þessar starfsaðstæður.

Við viljum sjá færri börn aftur. Þessi vetur hefur einkennst af því að allir komist slysaust í gegnum daginn. Það er mikill hávaði, erill, hvergi rólegt athvarf. Það verður meira um árekstra milli barnanna, það er þröngt um þau, þeim finnst mjög oft einhver vera fyrir.



## 5 Innra mat deilda KOT

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Virk hlustun	Að beita virkri hlustun til að geta komið á móts við þarfir barnanna og kenna þeim uppbyggjan di samskipti	Að gefa börnunum eins og hægt er fulla athygli þegar þau leita til okkar.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.	Ágúst 2023	Júní 2024	Deildarfundir rýnihópar	Að samskipti barnanna við alla gangi vel
Málörvun	Að efla málþroska barnanna	Tölum mikið við börnin. Lesum mikið og ræðum söguna skoðum myndir ræðum þær. Tölum saman um það sem við erum að gera og setja orð á athafnir.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.	Haus t 23	Vor 24	Deildarfundir rýnihópar	Að málþroski hafi aukist og þau eflist í umræðum .
Skapandi starf	Að gera börnin sjálfstæðari í skapandi starfi. deildinni.	Hafa meira framboð af skapandi efnivið á deildinni.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Haus t 23	Vor 24	Deildarfundir	Að börnin verði sjálfstæðar í skapandi starfi og efniviður sé sýnilega meiri á deildinni.



## Innra mat Kots

Það gekk vel að ná markmiðum síðasta vetrar í fataherbergi, virkri hlustun og lærum og leikum með hljóðin. Við gætum sett nákvæmlega sömu markmið aftur enda algjörlega nýr hópur að koma inn og maður rennir svolítið blint í sjóinn að setja sér markmið eða umbótaþátt þegar maður þekkir ekki barnahópinn sem kemur inn að hausti. En við munum halda okkur við efnið og bætum inn þeim áhersluatriðum sem verða í skólanum öllum eins og málörvun og skapandi starf.



## 6 Innra mat deilda Höll

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
<b>Virk hlustun</b>	Að beita virkri hlustun til að geta komið á móts við þarfir barnanna og kenna þeim uppbyggjan di samskipti.	Að gefa börnunum eins og hægt er fulla athygli þegar þau leita til okkar.	Deildastjóri allir starfsmenn deildarinnar .	Ágúst 2023	Júní 2024	Deildarfundir rýnihópar	Að samskipti við börnin og á milli þeirra gangi vel.
<b>Samskipti starfsmanna</b>	Að allt gangi eins og tannhjól í föstum daglegum verkefnum og að fólk viti alltaf hvað það á að gera.	Höfum skýra verka og starfslýsingu .	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar .	Ágúst 2023	Janúar 2024	Deildarfundir rýnihópar	Að verkafskiptin g sé það skýr að starfið á deildinni verði fumlaust og sé einkennandi af gleði og viriðngu.
<b>Málörvun</b>	Að efla málþroska barnanna	Tölum mikið við börnin erum til staðar. Lesum mikið og skoðum myndir og ræðum þær.	Deildarstjóri allri starfsmenn.	Ágúst 2023	Júní 2024 reyndar aldrei.	Deildarfundir rýnihópar	Að samtöl séu rík og mikil inni á deild milli barnanna og starfsfólks og barna.

### Innra mat Hallar

**Matartími:** Þar gefst gott tækifæri til málörvunar eins og í öllum aðstæðum daglegs starfs. Við ræðum hvað við erum að borða. Hvernig er það á bragðið er það mjúkt hart gott vont og svo framvegs. Stundum er verið að ræða hluti sem eru mat alls óviðkomandi og grípur huga barnsins hverju sinni.





**Frjáls leikur:** Fer fram í útiveru sem og á báðum stofum deildarinnar eftir vali hvers og eins. Starfsmenn eru duglegir að hafa yfirsýn yfir hópinn og er það oft krefjandi með þennan aldur. En öll börnin eru fædd árið 2021 sem verða á deildinni í vetur.

**Hreyfistundir:** Hreyfistundir eru í útiveru, í sal skólans eða inni á deild þar spilum við tónlist m.a. Ýmist skipulagðar eða ekki.

**Hvöld:** Börnin koma með sitt eigið teppi og koddar, bangsa og snuð ef þau vilja. Barnahópurinn hefur misjafnar þarfir eins og gengur, sum barnanna eru lengi að sofna og þurfa meiri aðstoð á meðan sum eru fljót að sofna. Mismunandi er hversu lengi börnin sofa. Við starfsmenn skiptum um lök aðra hverja viku eða eftir þörfum. Koddar og teppi fer heim í þvott á 2 vikna fresti eða eftir þörfum.

**Útivera:** Þar fer fram mikil hreyfing og rannsóknir á öllu sem fyrir skynfærin berast.



## 7 Innra mat deilda Hlið

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Virk hlustun	Að allt sarfsfólkið kynnist börnunum og þekki þarfir þeirra. Starfsfólkið sé meðvitað um að beita virkri hlustun í samskiptum við börnin.	Að gefa börnunum fulla athygli þegar þau eru að tjá sig eða þegar þau koma til okkar starfsfólksins. Horfa á barnið og gefa skýr skilaboð.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Ágúst 2023	Aldrei Júní 2024	Deildarfundir rýnihópar.	Að samskipti við börnin séu jákvæð og að börnin treysti starfsfólki og tjái sig.
Sjálfsþing	Að hjálpa börnunum að þekkja styrkleika sína og veikleika. Sterk sjálfsmynd	Að hvetja börnin til að prófa sjálf nýja hluti og hrósa þegar þau eru að gera það. Að börn vita að það er í lagi að gera mistök. Vera til staðar fyrir börnin og styðja þau í öllu.	Deildarstjóri og allir starfsmenn allt árið	Ágúst 2023	Júní 2024	Deildarfundir rýnihópar	Að börnin vilji sjálf prófa nýja hluti, biðji um hjálp og eru jákvæð þegar eitthvað virkar ekki eins og þau vilja



## Innra mat Hlíðar

**Mæting:** Börnin koma í rólegheitum og kveðja foreldra sína, svo koma þau inn á deild.

**Matartími:** Það er eitt borð fyrir börn með ofnæmi, vegan eða aðrar sérþarfir í mataræði. Þetta er til að einfalda hlutverkið að skammta mat. Allir eru með sitt eigið borð en börnin mega velja sér sæti.

**Frjáls leikur:** Við skiptum hópnum í tvo hópa (Blái hópur -börn fædd 2020- og Guli hópur -börn fædd 2021-). Hóparnir eru oft saman en skiptum þeim einnig oft upp í þessa hópa eða skiptum þeim upp á annan hátt.

**Hreyfistundir:** hreyfistundir eru í útiveru, í sal skólans eða inni á deild þar spilum við tónlist m.a.

**Hvöld:** Börnin koma með sitt eigið teppi og koddar, bangsa og snuð ef þau vilja. Barnahópurinn hefur misjafnar þarfir eins og gengur, sum barnanna eru lengi að sofna og þurfa meiri aðstoð á meðan sum eru fljót að sofna. Mismunandi er hversu lengi börnin sofa. Við starfsmenn skiptum um lök aðra hverja viku eða eftir þörfum. Koddar og teppi fer heim í þvott á 2 vikna fresti eða eftir þörfum.

**Útivera:** gengur vel að klædda sig, eldri börnin eru dugleg að rétta okkur útiföt og skó, þau eru að æfa sig í að klæða sig sjálf og þurfa sum mikla hvatningu. Börnin eru dugleg að leika sér alls staðar og hafa samskipti við eldri börnin í útiverunni.

**Verkefnavinna:** Yfirleitt eru allir eru spenntir þegar kemur að skapandi starfi. Sum þurfa hvatningu til þess að byrja. Stundum er eitthvað barn sem langar alls ekki að prófa, og það er allt í lagi, við segjum: „þú prófar næst eða seinna“. Öll verkefnavinna er inn á deild eða inni í listasmiðju.

**Samverustund:** Við syngjum og lesum bækur yfirleitt fyrir útiveruna og fyrir kaffitíma. Erum að þjálfa börnin í að sitja og fylgjast með og það gengur mjög vel. Við erum með *Lærum og leikum* og *Lubbi finnur málbein* í hópastarfi.



## 8 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2022-2023

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Menntun án aðgreiningar er ávallt höfð að leiðarljósi. börnin taka þátt í daglegu starfi eins og kostur er en fara einnig í einstaklingsvinnu eða vinnu í litlum hópum. teknar voru myndir og myndbönd auk þess sem fylltir voru út ýmsir listar sem meta getu.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>AEPS HLJÓM-2, EFI-2 Matslistar úr bókinni BEHAVIORAL Intervention FOR YOUNG CHILDREN WITH AUTISM og íslenski máhljóðamælirinn. Myndir og myndbönd.</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b> Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Ýmis spil til málörvunar og sem kenna t.d. liti, tölur, form og afstöðuhugtök. Lærum og leikum með hljóðin, 100ord.is og ýmis öpp. blöð litir skæri lím og ýmislegt sem til fellur.</p>

### Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Þátttaka starfsfólks á deildum.</b>	Halda áfram markvissari vinnu á deildum. Hvetja starfsfólk til að vinna tiltekin verkefni með börnunum sem tengjast málörvun og öðrum þroskaþáttum.	Setja saman málörvunarhópa á deildum og vinna sérstaklega með einstaklingsnámskrám barnanna.	Sérkennslustjóri	Haut 2023	Vor 2024	Nýta matslista sem til eru og búa til nýja ef þess gerist þörf.	Að börnin sýni mælanlegar framfarir frá hausti fram á vor.



## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagn sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagn var sett í launakostnað verkefnastjóra fjölmennningar sem byrjaði 1.10.2022.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Mikið er talað við börnin í daglegu starfi. Ein deild hefur hins vegar unnið markviss með Gefðu 10. Breytingar á því formi verður fyrir allar deildir sem verður sett af stöð í haust. Ekki hefur verið farið markviss með grunnorðaforða.
Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Unnið er að því að dýpka orðaforða barnanna bæði í les og samverustundum og öðru starfi. Sú vinna mætti hins vegar vera markvissari og taka mætti upp skráningu.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Eftir áramótin skráðu deildastjórar í hæfnirammaform. Þetta form gefur okkur skýrari mynd af því hvar börnin eru stödd í tungumálinu. Í framhaldinu verða settir saman málörvunarhópar. Einnig erum við með íslenska málhljóðamælinn, EFI-2 og HLJÓM-2
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er gert með því að fylgjast með barninu í öllum daglegum athöfnum þess. Ef barn er ekki að ná tókum á íslensku eftir vissan tíma er gripið til þeirra skimana sem við höfum yfir að ráða til að meta hvort það þurfi að skoða nánar.

### Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að gera handbók fyrir starfsmenn að fara eftir.	Að verkefnastjóri fjölmenninga r útbúi handbókina	Verkefnastjóri fjölmenningar	Hófst haustið 2022	Janúar 2024	Að handbókin hafi litið dagsins ljós.	Að starfsmenn átti sig á að hverju þarf að huga þegar fólk



							kemur til landsins en hefur ekki tungumál ið.
Markviss málörvun	Setja upp markvissa málörvun	Setja saman málörvunarh ópa	Verk.stj. fjölm. og sérk.stjóri	Haust 2023	Vor 2024	Hæfniramar endurskoðaðir	Framfarir í málþroska
Gefðu 10 með ákveðnum áherslum	Setja upp markvissar	Allir starfsmenn skrái samtal við öll börn í ákv. aðstæðum.	Verkstj.fjöl m.	Haust 2023	Vor 2023	Starfsmenn skrá niður að samtal hafi farið fram.	Framfarir í málþroska
Orðaforðapla kót	Auka orðaforða	Þema mánaðar	Verkstj.fjöl m.	Sept. 2023	Vor 2024	Með málþroska matslistum.	Framfarir í málþroska
Bókasafnsfer ðir með árgang 2019	Auka áhuga á bókum/lestri	Heimsækja bókasöfn	Verkstj.fjöl m.	Haust 2023	Vor 2024	Hæfniramar fylltir út um áramót og vor. EFI-2 og málhjóðamælirinn. Málþroskamat.	Framfarir í málþroska.

### **Greinagerð vegna fjöltyngdra barna.**

Síðastliðið haust tók til starfa verkefnastjóri fjölmennningar. Hlutverk hans er meðal annars að fylgjast með börnum af erlendum uppruna og styðja við íslenskunám þeirra í leikskólanum. Einnig hefur hann yfirsýn og utanumhald um fjölmennningarstarf og málörvun/málörvunarefni. Tengiliður á að vera í góðu samstarfi við deildarstjóra um hvað þurfi að bæta í umhverfi barna og eins að koma með kveikjur/námskeið/hugmyndir af fræðslu. Verkefnastjóri er einnig tengiliður foreldra af erlendum uppruna sem eru að stíga sín fyrstu skref í íslensku samfélagi.

Á liðnu skólaári voru 39 tvítyngd börn í leikskólanum og það stefnir ekki í fækkun barna af erlendum uppruna næst vetur.



Daglega er unnið með orðaforða og málörvun í öllu starfi leikskólans þar sem lögð er áhersla á að leggja orð á allar athafnir og fleira. Það er lesið fyrir börnin og sungið í samverustundum á deildum. Gefðu 10 hefur verið markvissst á einni deild leikskólans í vetur og lærum og leikum með hljóðin hefur einnig verið notað í samveru með börnunum.

Við höfum verið að vinna í endurbótum á fjölmenningarstarfinu til að sjá hvar þörfin er mest og hvernig við getum stutt við þau börn sem hafa ekki náð góðum tókum á íslenskunni miðað við aldur. Á komandi starfsári ætlum við að hafa *Gefðu 10* ítarlegra og afmarkaðari með skráningu, t.d að skráð sé samtalið við börnin í ákveðnum aðstæðum sem eru á forsendum barnanna s.s í frjálsum leik og útiveru. Markviss málörvun verður sett á hverja deild þar sem börn af erlendum uppruna fá auka málörvun í litlum hóp. Við ætlum að hafa þemu mánaðarins þar sem áhersla er lög á ákveðið þema í hverjum mánuði. Við höfum verið að útbúa plaköt með myndum af ákveðnu afmörkuðu efni. Með þessum plakötum viljum við vekja áhuga og auka orðaforða barnanna. Skipulagðar bókasafnsferðir með næst elsta árgangi leikskólans, þar sem boðið verður upp á sögustund.

Þjóðfánar barna og kennara sem eru í leikskólanum hafa verið fataherbergjum skólans en við ætlum að breyta því og hafa þjóðfánana í sal leikskólans.

Í vetur byrjuðum við að nota hæfniramma til að kanna stöðu erlendra barna í íslensku. Það gekk ágætlega en hefur gengið hægt að setja af stað málörvun tengda. Stefnit er að því að hafa málörvunarhópa á hverri deild og amk einu sinni í viku eða eftir þörfum barnanna.

Túlkapjónusta er fengin þegar foreldraviðtöl eru við foreldra af erlendum uppruna.



## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri fór ásamt öllum leikskólastjórum í Breiðholti til Glasgow á Eccera ráðstefnu þar sem margt fróðlegt var að sjá og heyra.

Aðstoðarleikskólastjóri tók nokkrar lotur í Forystunámi SFS sem hún lýkur vorið 2024. Einnig tók hún námskeið sem heitir Tímamót og tækifæri á vegum SFS.

Einn starfsmaður fór á Fagnámskeið 1 og 2 hjá Eflingu.

Skyndihjálparnámskeið var haldið af Ólafi Inga Grettissyni fyrir alla starfsmenn á fyrsta starfsdegi vetrarins 2022.

Kristín Margrét Arnaldsdóttir sálfræðingur frá þjónustumiðstöðinni í Suðurmiðstöð kom til okkar með hegðunarráðgjöf á starfsmannafund.

Upprifjun frá Barnaheill á Vinátta verkefni barnaheilla sem eru forvarnir gegn einelti. Blær er nú orðin þekktur í leikskólanum og öll börn eiga sinn Blæ.

Tveir deildastjórar fóru á námskeið í PMTO í sex daga yfir veturinn.

Starfsþróunarsamtöl leikskólastjóra og starfsmanna urðu aðeins eitt á mann á árinu og það var eftir áramót. Dreyfðust yfir lengra tímabil en vilji var til.

Leikskólastjóri fór í starfsþróunarsamtal við sinn yfirmann hjá Skóla og Frístundasviði.

Heimsókn í Sæborg. Skapandi starf og flæði var skoðað.

Seth Randolph Sharp kom á starfsdegi og leiddi okkur í allan sannleika um mikilvægi gleðinnar og jákvætt andrúmsloft. Hann valdi sendiherra gleðinnar sem á að vera hlutverk sem starfsmenn skipta á milli sín á mánaðarfresti.

Emilía Rafnsdóttir frá Miðju máls og læsis og var með fyrirlestra og hugmyndavinnu varðandi málörvun á starfsdegi.





## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Skipulag samstarfs var með hefðbundnum hætti og enginn heimsfaraldur hindraði störf okkar að þessu sinni. Skólastjórar hittust á samráðsfundi í vor í Seljakoti þar voru ákveðnir sameiginlegir skipulagsdagar fyrir skólaárið 2023-2024. Deildarstjórar elstu barna leikskólans hittast snemma að hausti og ræða komandi skólaár. Þá er farið var yfir hvernig skólaheimsóknum mun verða háttað og samstarf á nýju skólaári.

## 8 Foreldrasamvinna

Þátttökuaðlögun er nýtt í Jöklaborg og gafst afar vel. Þar gefst gott tækifæri til að kynna foreldrum og fyrir þá að kynna starfsfólkinu og öðrum foreldrum. Endurmat var gert á þeim pappírnum sem foreldrar fylla út í byrjun skólaárs og bætt. Á eins til tveggja vikna fresti senda deildarstjórar tölvupóst til foreldra. Við viljum bæta okkur í því og passa betur upp á upplýsingagjöf til foreldra. Þetta skiptir foreldra miklu máli og er stór liður í að fylgjast með því starfi sem barnið tekur þátt í svo ekki sé talað um málörvun svo foreldrar geti vakið máls á hlutunum heima sem gerast í leikskólanum. Einnig er þetta gott fyrir starfsfólkið til að halda utan um starfið og sjá hve mikið er gert í hverri viku. Foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á ári fyrir öll börn snemma á vorönn en foreldrar allra nýrra barna fá einnig viðtal þremur til sex vikum eftir að barn þeirra byrjar í skólanum. Túlkaþjónusta er alltaf nýtt þar sem við á og foreldrar sem kjósa svo geta fengið viðtal í gegnum fjarfundabúnað.

Í foreldraráði veturinn 2022-2023 sitja fjórir fulltrúar og hafa þau verið einstaklega styðjandi við nýjan stjórnanda. Samskiptin alltaf verið góð og rýnt til gagns í starf skólans. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og nefnda um áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarréttum allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (lög um leikskóla 90/2028) Foreldraráð fundar eftir þörfum. Í fundarboði kemur fram dagskrá fundar.

Í foreldrafélaginu situr einn fulltrúi foreldra og forráðamanna frá hverri deild alls fimm manns. Foreldrafélagið boðar til Aðalfundar á haustönn ár hvert. Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn þann 16. nóvember síðastliðinn og hélt leikskólastjóri kynningu á starfi skólans og hitti foreldra í fyrsta skipti. Foreldrafélagið heldur uppi flottu starfi og kom að jólaskemmtun útskrift leiksýningum og einstaklega flottri vorhátíð sem lengi hefur verið beðið eftir eftir langt Covid tímabil. Húllumhæið var mikið og almenn ánægja með allt.

Foreldrum hefur verið boðið í aðventustundir, bónda og konukaffi.



## Skipulagsdagar skólaársins 2023 – 2024 verða sem hér segir

22. ágúst 2023

24. nóvember 2023

6. febrúar 2024

11. mars 2024

26. apríl 2024

17. maí 2024



# 9 Fylgigögn



Nafn skóla: Jöklaþorg

## Leikskóladagatal 2023 - 2024

Akrun

Samband íslenskra sveitarfélaga

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. Þ. Lokab	1. F.	1. S.	1. M.	1. F. Fullveldisdagurinn	1. M. Nýársdagur	1. F.	1. F.	1. M. Annar í Páskum	1. M. Verkefisdagurinn	1. L.	1. M.
2. M. Lokab	2. L.	2. M.	2. F.	2. L.	2. Þ.	2. F.	2. L.	2. Þ.	2. F.	2. S. Sjómannaþingardagurinn	2. Þ.
3. F. Lokab	3. S.	3. Þ.	3. F.	3. S.	3. M.	3. L.	3. S.	3. M.	3. F.	3. M.	3. M.
4. F. Lokab	4. M.	4. M.	4. L.	4. M.	4. F.	4. S.	4. M.	4. F.	4. L.	4. Þ.	4. F.
5. L.	5. Þ.	5. F.	5. S.	5. Þ.	5. F.	5. M.	5. Þ.	5. F.	5. S. Þ.	5. M.	5. F.
6. S.	6. M.	6. F.	6. M.	6. M.	6. L. Þreintandinn	6. Þ. STARFS & SKIPULAGS DAGUR	6. M.	6. L.	6. M.	6. F.	6. L.
7. M. Frídagur, varðgjafarannsókn	7. F.	7. L.	7. Þ.	7. F.	7. S.	7. M.	7. F.	7. S.	7. Þ.	7. F.	7. S.
8. Þ. Lokab	8. F. Dagur bæsis	8. S.	8. M.	8. F.	8. M.	8. F.	8. F.	8. M.	8. M.	8. L.	8. M.
9. M. Lokab	9. L.	9. M.	9. F.	9. L.	9. Þ.	9. F.	9. L.	9. Þ.	9. F. Uppsáttunngardagur	9. S.	9. Þ.
10. F.	10. S.	10. Þ.	10. F.	10. S.	10. M.	10. L.	10. S.	10. M.	10. F.	10. M.	10. M.
11. F.	11. M.	11. M.	11. L.	11. M.	11. F.	11. S. Ískommaláns	11. M. STARFS & SKIPULAGS DAGUR	11. F.	11. L.	11. Þ.	11. F.
12. L.	12. Þ.	12. F.	12. S.	12. Þ.	12. F.	12. M. Bolludagur	12. Þ.	12. F.	12. S.	12. M.	12. F.
13. S.	13. M.	13. F.	13. M.	13. M.	13. L.	13. Þ. Spengisdagur	13. M.	13. L.	13. M.	13. F.	13. L.
14. M.	14. F.	14. L.	14. Þ.	14. F.	14. S.	14. M. Óskudagur	14. F. Steyriræðisliðar	14. S.	14. Þ.	14. F.	14. S.
15. Þ.	15. S.	15. M.	15. M.	15. F.	15. M.	15. F.	15. F.	15. M.	15. M.	15. L.	15. M.
16. M.	16. L. Dagur íslenskra laugur	16. M.	16. F.	16. L.	16. Þ.	16. F. Konuþessi	16. L.	16. Þ.	16. F.	16. S.	16. Þ.
17. F.	17. S.	17. Þ.	17. F.	17. S.	17. M.	17. L.	17. L.	17. M.	17. F.	17. M.	17. M.
18. F.	18. M.	18. M.	18. L.	18. M.	18. F.	18. S. Konudagur - upptíðir Góa	18. M.	18. F.	18. L.	18. Þ.	18. F.
19. L.	19. Þ.	19. S.	19. S.	19. F.	19. F. Þorra. Bónðskaffi	19. M. Veinarífi í grunnskólum	19. Þ.	19. F.	19. S. Hvítasunnudagur	19. M.	19. F.
20. S.	20. M.	20. M.	20. M.	20. M.	20. L.	20. Þ. Veinarífi í grunnskólum	20. M.	20. L.	20. M. Annar í Hvítasunnu	20. F.	20. L.
21. M.	21. F.	21. L.	21. Þ.	21. F.	21. S.	21. M.	21. F.	21. S.	21. Þ.	21. F.	21. S.
22. Þ. STARFS & SKIPULAGS DAGUR	22. F.	22. S.	22. M.	22. F.	22. M.	22. F.	22. F. Culur dagur	22. M. Dagur Jarðar Grænni dagur	22. M.	22. L.	22. M.
23. M.	23. L.	23. M.	23. F.	23. L.	23. Þ.	23. F.	23. L.	23. Þ.	23. F.	23. S.	23. Þ.
24. F.	24. S.	24. Þ.	24. F.	24. S. Aðfangadagur jóla	24. M.	24. L.	24. S. Þrámasunnudagur	24. M.	24. F.	24. M.	24. M.
25. F.	25. M.	25. M.	25. L.	25. M. Jóladagur	25. F.	25. S.	25. M.	25. F. Sumardagurinn fyrsti	25. L.	25. Þ.	25. F.
26. L.	26. F. Þungumatidagurinn	26. F. Veinarífi í grunnskólum	26. S.	26. F. Annar í jötum	26. F.	26. M.	26. Þ.	26. F. STARFS & SKIPULAGS DAGUR	26. S.	26. M.	26. F.
27. S.	27. M. Evrópski	27. F. Veinarífi í grunnskólum	27. M.	27. M. Annar í jötum	27. L.	27. Þ.	27. M.	27. L.	27. M.	27. F.	27. L.
28. M. Fyrsti hefur aðdagur	28. F. Veikomin í Lúkavöngi	28. L. Fyrsti veitardagur	28. Þ.	28. F. Veinarífi í grunnskólum	28. S.	28. M.	28. F. Skírdagur	28. S.	28. Þ.	28. F.	28. S.
29. Þ.	29. F.	29. S.	29. M.	29. F. Fjórðudagurinn langi	29. M.	29. F.	29. F. Fjórðudagurinn langi	29. M.	29. M.	29. L.	29. M.
30. M.	30. L.	30. M.	30. F.	30. L. Veinarífi í grunnskólum	30. Þ.	30. M.	30. L.	30. F.	30. F.	30. S.	30. Þ.
31. F.	31. F.	31. Þ.	31. S. Gamliársdagur	31. M.	31. M.	31. L.	31. S. Þáskeiddagur	31. F.	31. F.	31. M.	31. M.

**Í reglum um leikskólaþjónustu segir:**  
 Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfélks eða frídagar, nemanda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagöðid tækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum RVK-borgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumari. Leikskólastjóri ákveður, að höfuð samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Sterna skóla- og frístundavíðs er að í hverju leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

## 9.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans .....

Ásta Kristín Svavarsdóttir

11.nóvember 2024

Leikskólastjóri

Dagsetning



**Fylgiskjal 3**

## **Starfsáætlun 2023 – 2024 Jöklaborg**

### **Umsögn foreldraráðs**

#### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

Eirún Eðvaldsdóttir  
Kristþóra Gísladóttir  
Karen Mjöll Árnadóttir  
Tinna Heimisdóttir



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagur eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

## Mat á leikskólastarfi



Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### **Umsögn foreldraráðs:**



